

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 94. gr. reglnanna:

- Á eftir 2. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
Til BS-prófs er krafist 180 eininga en til meistaraþrófs ýmist 90 eða 120 eininga. Nánari reglur um MS- og MA-nám en fram koma í þessum kafla skulu staðfestar af háskólaráði, sbr. ákvæði 66. og 69. gr. þessara reglna. Deildin setur nánari reglur um inntökuskilyrði, námsleiðir og námskröfur.
4. og 8. mgr. falla brott.

2. gr.

Í stað orðsins „iðnmeistara“ í 15. mgr. 117. gr. reglnanna kemur orðið: starfsmenntakennara.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. reglnanna:

- Orðin „menntastefnur og matsfræði; starfstengd leiðsögn og kennsluráðgjöf; stjórnun menntastofnana“ í c-lið 1. mgr. falla brott.
- Núverandi d-liður 1. mgr. fellur brott.
- Núverandi e-liður 1. mgr. verður d-liður.
- Í stað orðsins „þrjár“ í 3. mgr. kemur orðið: tvær.
- Orðin „námsbraut í menntastjórnun og matsfræði“ í 3. mgr. falla brott.
- Núverandi 16. mgr. fellur brott.
- Núverandi 17. mgr. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. reglnanna:

- Við upptalningu kennslugreina til MA-prófs í c-lið 1. mgr. bætist orðið: matsfræði.
- Við upptalningu kennslugreina til M.Ed.-prófs í d-lið 1. mgr. bætast orðin: menntastefnur og matsfræði; starfstengd leiðsögn og kennsluráðgjöf; stjórnun menntastofnana.
- Í stað orðsins „þrjár“ í 3. mgr. kemur orðið: fjórar.
- Við upptalningu námsbrauta í 3. mgr. bætast við orðin: námsbraut í menntastjórnun og matsfræði.
- Á eftir 22. mgr. bætast við tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Diplómanám í kennslufræði háskóla er sjálfstætt 30 eininga nám á meistarastigi.
Diplómanám í menntastjórnun og matsfræði er sjálfstætt 30 eininga eða 60 eininga nám á meistarastigi.

5. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast gildi 1. júlí 2024.

Háskóla Íslands, 15. janúar 2024.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinnsson.